

Alþingi
Erindi nr. P 127/2063
komudagur 23.4.2002



Nefndasvið Alþingis
Iðnaðarnefnd
Berist Sigrúnu Brynju Einarsdóttur
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Akureyri 18. apríl 2002

**Athugasemdir og umsögn við frumvarp til laga um niðurgreiðslur
húshitunarkostnaðar, 640. mál.**

*Norðurorka þakkar fyrir að fá tækifæri til að koma skoðunum sínum á framifæri
varðandi frumvarpið.*

Um einstakar greinar:

Um 1.gr.

Lagt er til að 2. málsgrein 1.gr. orðist þannig: Greiðslu vegna stofnunar nýrra hitaveitna og stækkunar dreifikerfa hitaveitna.
Þessi breyting er lögð til, til að taka af öll tvímæli í lagatextanum.

Um 4. gr.

Lagt er til að 2. töluliður 4. gr. orðist þannig: **Að fengnu samþykki Orkustofnunar á álitni íbúðareiganda og/eða hitaveitu þess efnis að óhagkvæmt sé að tengja viðkomandi íbúð hitaveitunni.** Best er að samkomulag sé milli hitaveitu og íbúðareiganda en að Orkustofnun leggi mat á samkomulagið og úrskurði hvort sem samkomulag næst eða ekki.

Lagt er til að í 4. töluliður 4.gr. orðist þannig: **Þegar íbúð er hituð með vatni frá hitaveitu þar sem raforkukostnaður og olíukostnaður til hitunar og dælingar er meiri en 10% af heildarorkuöflun veitunnar, enda sé taxti viðkomandi veitu jafn hár eða hærri en svarar niðurgreiddri raforku til hitunar.** Jafnframt falli síðasta setninginn, **Ekki skal greiða niður raforkukostnað vegna dælingar á heitu vatni,** niður.

Vegna þess hversu rúmar heimildir ráðherra eru til ákvörðunar niðurgreiðslu rafhitunar þarf að tryggja að íbúar á hitaveituhituðum svæðum njóti sömu réttinda og aðrir.

Um 12. gr.

Lagt er til að í stað "*allt að áætluðum fimm ára niðurgreiðslum*" komi: **Allt að áætluðum tíu ára niðurgreiðslum.**

Þetta mundi auka áhuga á lagningu hitaveitu og þannig spara enn meira fyrir ríkissjóð til lengri tíma litið.

Um 14. gr.

Lagt er til að gera orðalag skýrara með því að í lok fyrstu setningar standi í stað “orkuveitusvæðinu”: **rafhituðu svæði, (eða svæði sem nýtur niðurgreiðslu á hitun).** Þessi breyting er lögð til til að taka af öll tvímæli í lagatextanum

Almennt:


Norðurorka fagnar því að samkvæmt okkar skilningi á 4. gr. frumvarpsins á fé til niðurgreiðslna að koma úr ríkissjóði. Norðurorka telur að bein þátttaka raforkufyrirtækjanna í niðurgreiðslum sé með öllu óásættanleg.

Norðurorka telur að í 6. gr. þurfi einhverja viðmiðun við ákvörðun upphæðar niðurgreiðslu á kWst. og olíulítra. Einnig telur Norðurorka að óeðlilegt sé að ákvarða hámark niðurgreiddra kWst frá ári til árs. Eðlilegt er að festa þessa tölu t.d. miðað við stærð húss.

Norðurorka telur að niðurgreiðslur eins og þær sem hér um ræðir eigi að vera hóflegar þar sem þær virka hindrandi á viðleitni til að finna ódýrari lausnir. Þá þarf að gæta hófs við ákvörðun þeirra ekki síst kílóvattstundahámarks.

Virðingarfyllst

fh. Norðurorku


Franz Arnason forstjóri